

Jafnlaunastefna

Við setjum okkur jafnlaunastefnu til að leggja áherslu á það hvernig við gætum jafnréttis í ákvörðunum sem snúa að launum og að starfsfólk hafi jöfn laun fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Við starfrækjum jafnlaunakerfi í samræmi við lagalegar kröfur og aðrar kröfur og út frá jafnlaunastaðli ÍST 85 til að voga störf og verðmeta þau.

Jafnlaunaviðmið okkar eru þau viðmið sem ákveða laun fyrir tiltekið starf og eru málefnaleg og fela hvorki í sér beina né óbeina mismunun.

Við greiðum laun og hlunnindi í samræmi við hæfnikröfur starfa, ábyrgð og árangur.

Allar launaákvörðanir skulu vera gegnsæjar, málefnalegar, skjalfestar og rekjanlegar.

Jafnlaunastefna er rýnd árlega í framhaldi af rýni stjórnenda ásamt því að launagreining er framkvæmd. Tækifæri til umbóta og frávik eru metin ásamt því að við setjum okkur markmið í samræmi við launastefnu.

Framkvæmdastjórn Festi ber endanlega ábyrgð á stefnu samstæðunnar. Framkvæmdastjóri hvers félags innan Festi ber ábyrg á stefnu síns félags. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á stöðugum úrbótum og eftirliti, stjórnendur bera ábyrgð á að starfað sé samkvæmt stefnunni og að framfylgja verklagsreglum sem að henni lúta.

Jafnlaunastefna Krónunnar er kynnt öllu starfsfólki og er aðgengileg almenningi á heimasíðu félagsins

